

SAMÞYKKT

um umgengni og þrífnað í hesthúsahverfi við Suðurnesveg í Bessastaðahreppi.

Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um hesthúsahverfið sunnan við Breiðumýri og austan Suðurnesvegar í Bessastaðahreppi.

Umsjón með framkvæmd.

2. gr.

Um eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar fer samkvæmt lögum um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit.

Útlit húsa og gerða.

3. gr.

Litir húsa og gerða í hverfinu skulu vera samræmdir og samþykktir af sveitarstjórn. Húsunum skal vel við haldið bæði hvað varðar málningu og annan frágang utanhúss, s.s. hurðum, þakköntum, veggjum og öðru sem að útliti húsa snýr.

Jarðvegur innan gerða og umhverfis þau eftir því sem við á, skal vera malarborinn og ávallt haldið snyrtilegum.

Almenn umgengni.

4. gr.

Þeir sem nota hesthús í hverfinu skulu ganga vel um umhverfi sitt. Bannað er að skilja eftir hvers konar rusl eða annað óviðkomandi utanhúss, s.s. sagpoka, heyrúllur og rúllubagaplast, timbur og verkfæri.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorplát og skulu hesthúseigendur sjá um og kosta uppsetningu þess og tæmingu.

Urðun úrgangsefna í hesthúsahverfinu og öll brennsla þar er bönnuð.

Drepist hestur í hverfinu eða verði að fella þar hest skal hræ fjarlæggt og því fargað af eiganda viðkomandi hests á viðurkenndan hátt, t.d. hjá SORPU.

Óheimilt er að losa ósekkjaðan spón á svæðið. Spónn skal fluttur sekkjaður eða í lokuðum umbúðum um svæðið þannig að hann valdi ekki óþrífnaði.

Bannað er að losa eða dreifa gömlu heyi um svæðið nema með sérstöku samþykki heilbrigðisfulltrúa á þau svæði sem hey nýtist til uppgræðslu.

Eigendur húsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvaða alla umgengni varðar í hesthúsahverfinu.

Taðþrær.

5. gr.

Við hvert hesthús í hesthúsahverfinu skal vera lokuð taðþró með steiptum botni án niðurfalla, nægjanlega stór og þannig gerð að frá henni verði ekki hætta á mengun. Umgengni um taðþrær, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti að ekki verði af óþrífnaður.

Önnur uppsöfnun taðs en í taðþrær er stranglega bönnuð í hverfinu.

Stranglega er bannað að setja annan úrgang í taðþrær en hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

Allar taðþrær skulu tæmdar og hreinsaðar tvisvar á ári og oftár ef þörf krefur að mati heilbrigðisfulltrúa. Hreinsun skal fara fram á vegum Bessastaðahrepps. Fyrir hreinsun skal hver hesthúseigandi greiða gjald samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem hreppsnefnd setur og umhverfisráðherra staðfestir.

Rotþrær.

6. gr.

Salerni og önnur hreinlætistæki í hesthúshverfinu skulu tengd við holræsakerfi hverfisins sem verður samþykkt af heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Notkun og hreinsun rotþróa í hverfinu skal vera samkvæmt samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Bessastaðahreppi.

Hestakerrur, vinnuvélar, bílar, gámar.

7. gr.

Bannað er að geyma ógangfæra eða númerslausa bíla, vinnuvélar, gáma, palla eða hliðstæða hluti á svæðinu.

Hundahald á svæðinu.

8. gr.

Af öryggisástæðum er aðeins þeim sem leyfi hafa til að halda hesta í hverfinu heimilt að fara með hund inn á svæðið. Gæta skulu þeir þess sérstaklega að hundur þeirra valdi ekki slyshættu fyrir aðra, fæli ekki hesta eða valdi nágrönnum ónæði með gelti.

Komi í ljós vandkvæði á því að þeir hafi stjórn á hundi sínum varðandi þessi atriði ber þeim skilyrðislaust að hætta að koma með þá að svæðinu eða inn á það.

Önnur notkun húsa.

9. gr.

Ekki er heimil önnur notkun húsa í hverfinu en fyrir hesta, hey, félagsaðstöðu og annað sem hestahaldi viðkemur.

Brot – Viðurlög.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 15. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.